



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga

8. tbl. október 2014



Meðal efnis:

Fjármálaráðstefna	2
Forsendur í fjárhagsáætlunum	6
Kynningarfundir um vinnumat kennara	8
Landshlutasamtökin	10
Úrskurður um fjárhagsaðstoð	14
Staða kjarasamninga	16

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA

„Ræðið saman eins og þroskað fólk“



Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram á Hilton hótél Nordica í Reykjavík 9. og 10. október sl. Að venju var ráðstefnan vel sótt en um 420 sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga sátu ráðstefnuna.

Í ávarpi sínu fór Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, yfir nokkur af helstu málum sem sveitarfélögin glíma við um þessar mundir. Hann minnti meðal annars á þá þversögn sem sveitarfélögin standa frammi fyrir sem er krafan um að minnka hið opinbera kerfi um leið og þjónustubörfin eykst til dæmis vegna fjölgunar aldraðra.

Halldór gerði launamál einnig að umtalsefni og benti á að ríki og sveitarfélög geta bætt kaupmátt með lækkun skatta. Erfitt verði hins vegar að eiga við slíkt í góðri samvinnu aðila, a.m.k. gagnvart ríkinu, þegar forsvarsmenn ASÍ neiti að ræða við fulltrúa þess. „Ég segi nú bara; hættið þessari vitleysu og ræðið saman eins og þroskað fólk,“ sagði Halldór í ræðu sinni.

Halldór sagði að sambandið styddi eflingu opinberra starfa í héraði og dreifingu opinberra starfa og sagðist sjálfur hafa unnið að færslum slíkra verkefna í gegnum tíðina. Hins vegar sagði hann að sú aðferð að rífa upp störf með rótum



væri að hans mati ekki árangursrík fyrir heildina. Farsælla væri að vinna að færslu starfa í áföngum eða þegar nýjar stofnanir sem geta verið staðsettar hvar sem er þjónustulega séð eða eiga erindi við ákveðinn landshluta. Raunhæfasta færsla opinberra starfa og sú sem heldur störfum best úti á landsbyggðunum sé stækkun sveitarfélaga, efling sveitarstjórnarstigsins og fjölgun verkefna sveitarfélaga.

Sjálfbærni, varfærni og gagnsæi

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, flutti einnig ávarp á ráðstefnunni og ræddi hann m.a. um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hann sagði að grundvallarforsenda nýrra laga um fjárreiður ríkisins og um stefnumótun um þróun opinberra fjármála væri

samkomulag við sveitarfélögin. Grunnildin sem stuðst er við í frumvarpinu eru að sögn ráðherra: Sjálfbærni, varfærni, að stefna undirbyggi stöðugleika og gagnsæi.

Mikilvægt að ganga frá laga- og kostnaðarramma

Þá áttu þeir Halldór og Bjarni samtal, sem stýrt var af Jóhanni Hlíðari Harðarsyni, fréttamanni hjá RÚV. Í því samtali lagði Halldór til að næst þegar verkefni verða færð frá ríki til sveitarfélaga verði fyrst gengið frá laga- og kostnaðarramma og ríkinu gert að reka málaflokkinn samkvæmt honum í tiltekin tíma áður en verkefnið færist til sveitarfélaganna.



FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA



Fjármálaráðstefna sveitarfélaga í myndum

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi sambandsins, var á ferðinni

með myndavélina á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og tók þessar myndir.



FJÁRMÁL

Forsendur í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga um útsvarshlutfall á árinu 2015

Sambandinu hafa að undanfögnu borist fyrirspurnir frá nokkrum sveitarfélögum um hvert verði hámarksútsvar á árinu 2015. Ráðgjöf sambandsins til sveitarfélaga er á þessu stigi að miða við að hámarksútsvarið verði 14,52%.

Bráðabirgðaákvæði framlengt

Samkvæmt 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er hámarksútsvarið 14,48% og lágmarksútsvar 12,44%. Í tengslum við yfirstandandi endurmat á faglegum og fjárhagslegum forsendum yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga varð í desember 2013 að

samkomulagi milli ríkisins og sambandsins að álagningarhlutfall útsvars vegna yfirfærslunnar yrði 1,24% í stað 1,20%. Rétt er að taka fram að álagningarhlutfall tekjuskatts lækkaði að sama skapi um 0,04%. Var því samþykkt lagabreyting sem kveður á um svohljóðandi bráðabirgðaákvæði við lögin:

XVI. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má útsvar af tekjum manna á árinu 2014 nema allt að 14,52% af útsvarsstofni.

Í frumvarpi um forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2015 er miðað við að bráðabirgðaákvæðið verði framlengt um eitt ár. Áfram standa yfir viðræður um endurmat á faglegum og fjárhagslegum forsendum yfirfærslunnar. Fulltrúar sambandsins í þeirri vinnu telja að hækkunin sem ákveðin var í fyrra sé ekki nægileg og semja þurfi um herra útsvarshlutfall gegn samsvarandi lækkun tekjuskatts en niðurstöður liggja enn ekki fyrir. Stjórnendum sveitarfélaga er því bent á að fylgjast með upplýsingum um afgreiðslu fjárlagafrumvarps og tengdra frumvarpa en sambandið mun að sjálfsögðu upplýsa sveitarfélögin um hvort viðræður leiða til niðurstöðu.



INNFLYTJENDAMÁL



Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum

Málþing um stöðu innflytjenda í sveitarfélögum verður haldið í Reykjanesbæ, föstudaginn 14. nóvember nk. Markmið málþingsins er að gera sveitarfélög meðvitaðri um:

- hvort þjónusta þeirra sé að mæta þörfum nýrra íbúa af erlendum uppruna,
- hvernig byggja megi upp fjölmennarlega þekkingu meðal starfsmanna,
- hvernig megi stuðla að aukinni þátttöku nýrra íbúa í samfélaginu og skapa jákvæð viðhorf í þeirra garð.

Á málþinginu verður leitað svara við grundvallarspurningum sem snúa að stöðu íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélögum, svo sem:

- Er þjónusta sveitarfélaga að mæta þörfum íbúa af erlendum uppruna?

- Hver eru helstu úrlausnarefnin og hvernig er hægt að leysa úr þeim?
- Hvaða stuðning geta sveitarfélög fengið og á hvaða stuðningi þurfa þau á að halda.
- Hvernig er hægt að auka samstarf sveitarfélaga um málefni innflytjenda?

Málþingið er ætlað framkvæmdastjórum sveitarfélaga, fulltrúum í sveitarstjórnunum og nefndum, millistjórnendum, sérstaklega félagsmálastjórum, mannauðstjórum, bókasafnsstjórum og öðrum stjórnendum upplýsingamála, svo og öðru starfsfólki sveitarfélaga sem hefur með málefni innflytjenda að gera.

[Skráning er hafin á vef sambandsins.](#)

Kynningarfundir í tengslum við vinnumat grunnskólakennara

Helsta nýjung í kjarasamningi FG og SNS frá í vor er vinnumatið. Verkefnisstjórn um vinnumat var skipuð snemma sumars og hefur hún unnið að gerð fyrstu draga að leiðarvísi um vinnumatið sem ætlað er sem grundvöllur að samtali skólastjóra og hvers kennara um vinnumat skólaársins.

Í byrjun nóvember verða fyrstu drögin tilbúin og þau sett á vef vinnumatsins: www.vinnumat.is ásamt stuttu kynningarmyndbandi sem greinir frá helstu þáttum þess. Í kjölfar þess eða á tímabilinu frá 10.-20. nóvember munu fulltrúar úr verkefnisstjórn vinnumatsins fara hringferð um landið með kynningu.

Kynningarfundur og kynningarefni vegna vinnumats grunnskólakennara

Haldnir verða 9 fundir^{*)}

- Markhópur: grunnskólakennarar og – stjórnendur, sveitarstjórnarmenn, formenn skólanefnda og starfsfólk skólaskrifstofa
- Fjarfundur verður frá Ísafirði til Patreksfjarðar og Hólmavíkur 10. nóv.
- Bein útsending verður frá tveimur fundum: 11. og 14. nóvember á slóðinni: <http://www.samband.is/um-okkur/bein-utsending/>

- Fundurinn 11. nóvember verður tekinn upp og gerður aðgengilegur á vefnum www.vinnumat.is
- Kynningarmyndband ásamt fyrstu drögum að leiðarvísi fyrir vinnumat grunnskólakennara verður aðgengilegt á www.vinnumat.is 3. nóvember
- Fundarmenn eru hvattir til þess að kynna sér vel efni leiðarvísis ásamt helstu nýjungum í kjarasamningi fyrir fund
- Hægt verður að senda inn ábendingar og fyrirspurnir í tölvupósti á netfang verkefnisstjórnar: vinnumat@vinnumat.is. Spurningar og svör birtast á vinnumatsvefnum þegar verkefnisstjórn hefur fjallað um þær

Tengiliður: Svandís Ingimundardóttir, svandis@samband.is; 515-4900 eða 515-4919 (bein lína)
^{*)} Með fyrirvara um breytingar.

Kynningarfasir vinnumats stendur yfir frá 3. nóvember 2014 til 10. janúar 2015. Að honum loknum mun verkefnisstjórn yfirfara allar ábendingar og vinna að lokaútgáfu leiðarvísis sem borinn verður undir atkvæði samningsaðila 20. febrúar 2015 í síðasta lagi.

VINNUMAT KENNARA



Verkefnisstjórn um vinnumat kennara. Frá vinstri: Svandís Ingimundardóttir, starfsmaður nefndarinnar, Ragnar Þorsteinsson, Rósa Ingvarsdóttir, Hulda Hauksdóttir, Helgi Grímsson, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Helga Gunnarsdóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir.

Dagsetning	Staður	Tími	Fyrirkomulag
10. nóv.	Ísafjörður - Háskólasetur Vestfjarða	14:00-16:00	Fjarfundur til Patreksfjarðar og Hólmavíkur
11. nóv.	Garður – Gerðaskóli	15:00-17:00	Upptaka/útsending
12. nóv.	Borgarnes – Menntaskólinn	15:00-17:00	
13. nóv.	Sauðárkrókur – Árskóli	15:00-17:00	
14. nóv.	Reykjavík – Skriða	14:30-16:30	Upptaka/útsending
17. nóv.	Akureyri – Brekkuskóli	16:00-18:00	
18. nóv.	Hafnarfjörður – Flensborg	14:30-16:30	
19. nóv.	Egilsstaðir – Menntaskólinn	16:00-18:00	
20. nóv.	Árborg – Sunnulækjarskóli	15:00-17:00	

LANDSHLUTASAMTÖK



Ársfundir landshlutasamtaka sveitarfélaga 2014

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins, þeir Halldór Halldórsson og Karl Björnsson, hafa á undanförunum vikum settið alla ársfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga, ýmist báðir eða í sitt hvoru lagi. Með viðveru sinni á ársfundunum hafa formaður og framkvæmdastjóri sýnt í verki mikilvægi þess að góð tengsl séu á milli sambandsins og landshlutasamtakanna.

Þeir hafa ávarpað alla þessa fundi og gert þar grein fyrir verkefnum sambandsins og þeim

áhersluatriðum sem efst eru á baugi í starfsemi þess nú um stundir. Sérstaklega hafa þeir fjallað um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2015 og áhrif þess á fjárhag sveitarfélaganna, ef það verður samþykkt óbreytt, og ýmis samskiptamál ríkis og sveitarfélaga. Þau hafa ekki verið sem allra best upp á síðkastið að mati sambandsins. Stjórn þess ályktaði um þau mál á fundi sínum fyrr í haust og lagði áherslu á að þau yrði færð til betri vegar og færu fram á jafnréttisgrundvelli.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa nefnt sem dæmi um versnandisamskipti ríkis og sveitarfélaga tillögur um styttingu atvinnuleysisbótatímabilsins í sex mánuði þar sem gera má ráð fyrir að útgjöld sveitarfélaganna hækki um 500 m.kr. Ekkert samráð var haft við sambandið um þessar tillögur. Sambandið hefur á móti krafist aukinni framlaga til atvinnuáttaksverkefna og virkniúrræða.

Þá hafa þeir nefnt niðurskurð framlaga til sóknaráætlana landshluta, en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 15 m.kr. framlagi ríkisins til þess verkefnis á árinu 2015. Framlagið er 100 m.kr. 2014 og var 400 m.kr. ár árinu 2013. Formaður og framkvæmdastjóri telja þetta í litlu samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar segir m.a.: „Unnið verður að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana í samvinnu við sveitarfélögin. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsörðun verkefna í héraði.“

Formaður og framkvæmdastjóri sambandsins hafa einnig fjallað um frumvarp um opinber fjármál, sem verður lagt fram innan tíða. Þeir telja að frumvarpið feli í sér tækifæri til að stuðla



að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn á fjármálum hins opinbera. Verði frumvarpið að lögum muni það skapa ný tækifæri og öguð vinnubrögð, og síðast en ekki síst nýtt samráðsferli í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Meðfylgjandi myndir eru teknar á ársfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri 21. og 22. október síðastliðinn.



ÆSKULÝÐSMÁL

Empowering youth



Dagana 13.-16. október sl. sat Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður sambandsins, sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins. Á þinginu var sérstök áhersla lögð á málefni ungs fólks og bauðst öllum aðildarríkjunum tækifæri á að senda eitt ungmenni á þingið. Alls mættu 35 ungmenni til Strassborgar til að ræða málefni ungs fólks og var þetta í fyrsta skipti sem ungt fólk fær að taka þátt í umræðum á þinginu.

Ungmennin lögðu sérstaka áherslu á tvö umræðuefni; atvinnuleysi ungs fólks og mikilvægi þess að virkja ungt fólk við ákvarðanatökur stjórnvalda. Atvinnuleysi ungs fólks hér á landi er ekki jafn mikið vandamál og í mörgum öðrum Evrópuríkjum. En hvað varðar áhrif ungs fólks í ákvarðanatöku stjórnvalda þá er það umræðuefni sem við hér á Íslandi getum lagt meiri áherslu á.

Á seinustu árum hafa mörg sveitarfélög reynt að búa til vettvang þar sem ungu fólki gefst tækifæri á að koma skoðunum sínum á framfæri. Hefur það t.d. verið gert með því að halda ungmennarþing og stofna ungmennaráð og opna þannig á möguleika fyrir ungt fólk til að hafa áhrif. Samt sem áður þá má alltaf gera betur og ekki má gefast upp þó fyrsta tilraun til að virkja ungt fólk við ákvarðanatöku hafi ekki heppnast.

Þau ungmenni sem sátu þingið samþykktu yfirlýsingu sem var kynnt öllum þingfulltrúum og var í henni lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að fá fram skoðanir ungs fólks.

- [Yfirlýsingin frá þinginu.](#)

NÁMSKEIÐ

Að vera í sveitarstjórn

Sambandið stendur þessa dagana fyrir námskeiðum fyrir nýkjörna sveitarstjórnarmenn. Yfirskrift námskeiðanna er: „Það sem þú þarft að vita sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn – hvort sem þú ert nýr eða gamall“.

Námskeiðin verða væntanlega haldin í öllum landshlutum í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga. Þegar hafa verið haldin námskeið á Vestfjörðum og á Norðurlandi eystra. Námskeið verður haldið á Egilsstöðum 31. október og á Vesturlandi 14. nóvember. Væntanlega verða einnig haldin námskeið á Suðurlandi í nóvember. Þetta eru heils dags námskeið. Reyndir sveitarstjórnarmenn, þau Smári Geirsson og Svanfríður I. Jónasdóttir, stýra námskeiðunum og leiðbeinendur auk þeirra eru sérfræðingar sambandsins. Í tilefni námskeiðanna hefur sambandið gefið út kennsluritið „Að vera í sveitarstjórn“.




Myndirnar hér að neðan eru frá öðru námskeiðinu, sem haldið var á Hólmavík 24. október sl.



Úrskurður um rétt til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélögum

Þriðjudaginn 16. september 2014 féll mikilvægur úrskurður á fundi úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála sem snýr að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í úrskurðinum er fjallað um rétt til fjárhagsaðstoðar til þeirra sem eigi fá séð fyrir sjálfum sér, maka sínum og börnum yngri en 18 ára sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Samkvæmt 21. gr. laganna skal sveitarstjórn setja sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að fengnum tillögum félagsmálanefndar er metur þörf og ákveður fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Lög nr. 40/1991 veita þannig sveitarfélögum ákveðið svigrúm til að meta sjálf miðað við aðstæður á hverjum stað, hvers konar þjónustu þau vilja veita. Í



HAFNARFJÖRÐUR

samræmi við þetta og ákvæði stjórnarskrárinnar um sjálfstjórn sveitarfélaga er mat á þeirri nauðsyn að megin stefnu til lagt í hendur þeirrar sveitarstjórnar er þjónustuna veitir. Verður ekki við því mati hróflað af hálfu úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála enda byggist það á lögmætum sjónarmiðum og sé í samræmi við lög að öðru leyti.

Málavextir í þessu tiltekna máli eru þeir að einstaklingur, sem þegið hafði fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ frá því í október 2012, hafnaði boði um að taka þátt í atvinnuátaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar og Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar í febrúar og mars 2014. Einstaklingurinn fékk þá greidda skerta fjárhagsaðstoð með tilvísun í reglur Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en þar er vísað í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar segir að hverjum manni sé skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Auk þess er vísað í 2. gr. reglna Hafnarfjarðarbæjar um fjárhagsaðstoð en þar kemur fram að þeim sem sækir um fjárhagsaðstoð sé skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu reglna er heimilt að greiða umsækjanda sem hætt hefur þátttöku í átaksverkefni allt að hálfri grunnupphæð framfærsluaðstoðar skv. 11. gr. reglnanna.

FÉLAGSPJÓNUSTA



Umsækjandi kærði þá ákvörðun Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

Í stuttu máli var það mat úrskurðarnefndarinnar að Hafnarfjarðarbæ hafi verið heimilt að greiða kæranda skerta fjárhagsaðstoð í febrúar og mars 2014, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglanna og staðfesti því hina kærðu ákvörðun. Úrskurðurinn eyðir því

efasemdum sem komið hafa fram um lagastoð fyrir reglum Hafnarfjarðarbæjar. Eftir sem áður þarf að skýra betur umrædd ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og er væntanlegt frumvarp í þá veru.

- [Sjá úrskurðinn í heild sinni.](#)

Staða kjaraviðræðna

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) hefur lokið gerð kjarasamninga við 62 af 65 viðsemjendum sambandsins. Enn er ólokið samningum við þrjú félög þ.e. Félag tónlistarskólakennara, Landsamband slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og Starfsmannafélag Kópavogs, sem boðað hefur verkfall frá og með 10. nóvember nk.

Undirbúningur næstu samningalotu er þegar hafinn m.a. með viðræðum við stéttarfélagin á grundvelli viðræðuáætlaða sem fylgja gildandi kjarasamningum.



KJARAMÁL

Verkfall Félags tónlistarskólakennara



Félag tónlistarskólakennara hóf ótímabundið verkfall þann 22. október.

Megináherslur SNS í kjaraviðræðum við stéttarfélag tónlistarskólakennara eru að ná fram breytingum á kjarasamningi þeirra þannig að launamyndunarþættir og vinnutímakaffli kjarasamningsins verði líkari því sem gerist hjá öðrum kennurum og skapa með því hagræði sem leitt geti til hækkunar grunnlauna tónlistarkennara og meiri sveigjanleika við framkvæmd skólastarfs.

Í viðræðum við félag tónlistarkennara hefur SNS lagt áherslu á að gera stutta kjarasamninga og gefa umræðum um nauðsynlegar breytingar á þeim svigrúm til að fara fram á gildistíma samninga. Kjarasamningur í þessum anda hefur nú verið gerður við Félag íslenskra hljómlistarmanna.

Kjaraviðræður við Félag tónlistarskólakennara fara fram undir stjórn ríkissáttasemjara.

Breyting á frumvarpi til laga um raforku



Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Bæði þessi þingmál lúta að flutningskerfi raforku og voru drög að þeim áður birt á heimasíðu ráðuneytisins (27. júní og 19. ágúst) og var öllum gefið færi á að senda inn umsagnir og ábendingar.

Eins og greint var frá í síðustu Tíðindum lagði sambandið inn umsögn um frumvarpið þar sem lögð var áhersla á að fellt yrði brott úr frumvarpinu ákvæði um að heimilt sé að krefja þann aðila sem óskar breytinga á fyrirhugaðri

legu um allan kostnað við sem hlýst af breyttri útfærslu eða leiðarvali, sbr. 5. mgr. 9. gr. c. Féllst iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið á þessa kröfu sambandsins og hefur ákvæðið verið fellt brott úr frumvarpinu.

Á vef ráðuneytisins má sjá samanburðarskjöl sem sýna þær breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu og þingsályktunartillögunni með hliðsjón af innsendum umsögnum og ábendingum.

- [Frétt á vef ráðuneytisins.](#)

Skortur á samráði um skattkerfisbreytingar

Sambandið hefur sent Alþingi umsögn sína um þær breytingar sem áformaðar eru á fyrirkomulagi virðisaukaskatts og vörugjalda. Frumvarpi þar að lútandi var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar, en velferðarnefnd þingsins fjallar einnig um þau atriði málsins sem snúa að hækkun virðisaukaskatts á matvæli og drykkjarvörur.

Eins og glöggð hefur komið fram í almennri umræðu er um að ræða mjög umfangsmiklar skattkerfisbreytingar sem hafa munu veruleg áhrif á sveitarfélögin. Meginathugasemd sambandsins snýr að skorti á samráði við þessar breytingar og að þær hafi verið undirbúnar án þess að fram færi kostnaðarmat skv. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Fram kemur í umsögn sambandsins að skattkerfisbreytingar og fylgifrumvörp vegna fjárlaga 2015 muni að óbreyttu hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga svo nemi hundruðum miljóna kr. á ársgrundvelli. Lögð er megináhersla á að horft verði heildstætt á fjármál hins opinbera og að skattkerfisbreytingar séu ekki nýttar til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna frá sveitarfélögunum.

Þá kallar sambandið sérstaklega eftir því að ákvæði til bráðabirgða með lögum um virðisaukaskatt verði framlengt um a.m.k. tvö ár gagnvart sveitarfélögum. Umrætt ákvæði hefur tryggt fulla endurgreiðslu VSK við byggingu,

endurbætur og viðhald húsnæðis í eigu sveitarfélaga. Ákvæðið fellur að óbreyttu niður um áramót en endurgreiðslan hefur haft verulega þýðingu við atvinnusköpun og ákvarðanatöku um verklegar framkvæmdir sem ella hefðu beðið vegna efnahagsástands. Brottfall ákvæðisins gæti því sett strik í reikninginn þegar kemur að áætlanagerð sveitarfélaga á komandi misserum.



Frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum:

Lausn úr landbúnaðarnotum og sala ríkisjarða



Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum, sem m.a. felur í sér að ákvörðunarvald um lausn lands úr landbúnaðarnotum verði fært til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Framlagning frumvarpsins kom sambandinu á óvart þar sem áherslur sveitarfélaga höfðu verið mjög skýrar við undirbúnings málsins, þ.e. að ákvarðanir um landskipti og lausn úr landbúnaðarnotum eigi að færa sem næst vettvangi. Tillögur í frumvarpinu ganga hins vegar þvert á þessa áherslu þar sem ákvörðunarvaldið er að meginstefnu til flutt til ráðuneytisins. Ekki kemur fram í skýringum hvers vegna þessar breytingar sé aðkallandi nú en sambandið telur mögulega skýringu þá að skilningur ráðuneytisins á „landbúnaðarnotum“ eigi að ganga framar því sem ákveðið kann að vera í skipulagsáætlunum sveitarfélaga. Nefnt er í því sambandi að til

landbúnaðarnota í skilningi skipulagslaga teljist m.a. ferðaþjónusta og skógrækt, en að jarðalög skilgreina slík not mun þrengra.

Sambandið sendi umsögn um frumvarpið til Alþingis þann 21. október sl. Þar er gerð athugasemd við skort á samráði og bent á að frumvarpið leysi í reynd ekki úr árekstri sem upp getur komið milli skipulagslaga og jarðalaga. Skipulagsvaldið sé hjá sveitarfélögunum og óviðunandi að ráðuneyti hafi neitunarvald um ákvarðanir sem teknar hafa verið í lögformlegu skipulagsferli.

Af þeirri ástæðu leggst sambandið eindregið gegn því að tillögurnar nái fram að ganga nú. Breytingarnar séu ekki aðkallandi og eðlilegt að fyrirkomulagið sé undir við heildarendurskoðun jarðalaga þar sem höfð verði hliðsjón af væntanlegri landsskipulagsstefnu sem nú er í vinnslu.



Fundaröð á þjónustusvæðum í málefnum fatlaðs fólks

Í september og fram í október voru haldnir fundir með forsvarsmönnum þjónustusvæðanna fimmtán í málefnum fatlaðs fólks. Tilfni fundanna var að ræða stöðuna í endurmati verkefnisins, út frá bæði fjárhagslegum og faglegum þáttum.

Niðurstaða fundanna dró fram að aukinna fjárveitinga er þörf inn á þjónustusvæðin til þess að þau geti veitt sína mikilvægu þjónustu. Greinilega kom fram að væntingar notenda hafa vaxið frá yfirfærslunni auk þess sem greina má að fjöldi notenda og þjónustumagn hefur aukist samfara því að verkefnin færðust yfir í nærþjónustuna. Er sú þróun í samræmi við reynslu annarra þjóða, m.a. Dana, sem mældu

töluverðan útgjaldavöxt eftir að stærstur hluti þjónustu við fatlað fólk færðist árið 2007 frá ömtum (millistjórnsýslustig) beint yfir til sveitarfélaganna.

Fram kom einnig að þjónustusvæðin standa faglega vel og hafa náð góðum tókum á verkefninu á þeim tæplega fjórum árum sem liðin er frá yfirfærslunni. Mikilvægt er þó talið að efla tengsl milli stjórnenda og kjörinna fulltrúa og stuðla að betra gegnsæi um ákvarðanatöku. Þær áherslur áttu einnig hljómgrunn á nýafstöðnu landsþingi sambandsins þar sem kallað var eftir því að kjörnir fulltrúar í sveitarfélögum fengju meira „eignarhald“ í málaflokknum.



Allir lesa – landsátak í lestri

Föstudaginn 17. október sl. hófst lestrarátakið „Allir lesa“, sem er landsleikur í lestri. Átakinu lýkur á degi íslenskrar tungu 16. nóvember nk. „Allir lesa“ er leikur sem gengur út á að lesa eða hlusta á aðra lesa, skrá lestur á einfaldan hátt og taka þátt í skemmtilegri keppni með fjölskyldu, vinum og/eða vinnufélögum. Þátttakendur skrá lestur sinn í lestrardagbók á vefnum allirlesa.is og taka þátt í leiknum með því að vera í liði. Þau lið sem verja mestum tíma í lestur standa uppi sem sigurvegarar. Keppnisflokkarnir eru þrír; vinnustaðir, skólar og opinn flokkur. Hægt er að vera í einu liði í hverjum flokki. Allar tegundir bóka eru gjaldgengar í keppninni (prentaðar bækur, rafbækur og hljóðbækur). Hægt er að skrá þann tíma sem varið er til lesturs hvort sem viðkomandi les fyrir sjálfan sig, fyrir aðra eða hlustar á aðra lesa. Enn er hægt að skrá sig til leiks og má skrá lestur afturvirk.

Aðstandendur „Allir lesa“ eru Miðstöð íslenskra bókmennta og Reykjavík, Bókmenntaborg Unesco.

Samhliða lestrarátakinu er myndaleikur sem gengur út að taka skemmtilega mynd af bókinni sem verið er að lesa og staðnum sem lesið er á. Er ein mynd á viku verðlaunuð.

Keppninni hefur verið vel tekið og fer lesturinn vel af stað. Á vef átaksins er hægt að fylgjast með skemmtilegri tölfærði. Þar er til dæmis samanburður á milli sveitarfélaga og kynja, listi yfir efstu liðin, vinsælustu bækurnar og aldursdreifing á lestri.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefnum <http://www.allirlesa.is>. Allir lesa er einnig á [Facebook](https://www.facebook.com/allirlesa).

Nýr starfsmaður GERT verkefnisins

GERT verkefnið (Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni) er nú á sínu öðru starfsári. GERT er samstarfsverkefni sambandsins, Samtaka iðnaðarins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins með það að markmiði að auka áhuga og þekkingu nemenda í grunn- og framhaldsskólum á raunvísindum og tækni.

Nýr starfsmaður, Þorvarður Kjerúlf Sigurjónsson, tók við umsjón og skipulagningu GERT í vetur í ½ starfi samhliða meistaranámi í MBA námi.

Hann hefur, í samstarfi við verkefnisstjórn GERT lagt upp nýjan verkefnaramma fyrir veturinn sem býður GERT-skólum aðgang að:

- Hópi fyrirtækja og sérfræðinga sem eru reiðubúin til samstarfs
- Stafrænum smiðjum Fab Lab
- Kynnisferðum í framhaldsskóla

- Vísindasmiðju og Vísindalest Háskóla Íslands (fyrir yngri kynslóðina)
- Heimsókn frá kynningarteymi verkefnisins „Tækniáhuga“ sem SI standa fyrir í samvinnu við HR og HÍ til kynningar á tækni- og raungreinarnámi
- Námskeið fyrir kennara sem vilja auka færni sína á sviði raunvísinda og tækni
- Náttúruvísindi á 21. öldinni.
- Menntabúðir NaNO
- Fyrirhugaðar heimsóknir kennara í fyrirtæki.

Auk þess vinnur Þorvarður nú að uppfærslu vefsvæðis GERT: <http://gert.menntamidja.is/>, í samstarfi við Tryggva Thayer, verkefnisstjóra Menntamiðju

Allir áhugasamir um GERT verkefnið geta fengið nánari upplýsingar með því að senda Þorvarði tölvupóst á netfangið gert@gert.is.

GERT

Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni



Ritin Árbók sveitarfélaga 2014 og Skólaskýrsla 2014 komin út

Skólaskýrsla 2014 er komin út. Markmið með skýrslunni er að birta tölulegar upplýsingar um skólamál og gera þær aðgengilegar. Í skýrslunni er bæði fjallað um leikskóla og grunnskóla og er þar að finna ýmsar magntölur yfir nemendur, skóla, starfsfólk og rekstrarkostnað. Í höfuðdráttum er gerð grein fyrir starfsemi hvors skólastigs um sig árið 2013 og að auki birtar upplýsingar aftur í tímann eins og kostur er. Tölulegar upplýsingar ná til málaflokksins á landsvísu en einnig er þeim gerð skil eftir landshlutum og eru að nokkru leyti flokkaðar eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Þá eru ýmsar lykiltölur birtar sem magntölur á hverja þúsund íbúa. Skýrsluna vann Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga (valgerdur@samband.is).

Árbók sveitarfélaga 2014 kom út í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í byrjun október. Í bókinni er að finna upplýsingar um rekstur og efnahag sveitarfélaganna sem byggðar eru á niðurstöðum ársreikninga þeirra árið 2013. Einnig eru birtar í árbókinni upplýsingar um ýmis önnur atriði sem varða sveitarfélögin

og rekstur þeirra sem gagnlegt er að hafa samandregnar á einum stað. Umsjón með útgáfu árbókarinnar hafði Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði sambandsins (johannes@samband.is).

Unnt er að panta prentað eintak af ritunum báðum með því að hafa samband við Sigríði Ingu Sturludóttur í síma 515 4900 eða í gegnum netfangið sigridur@samband.is.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/26

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*